




Urðarhvarf 8. Fyrirspurn.

Umsögn

Kópavogi, 29. nóvember 2024

Á fundi skipulagsráðs þann 18. nóvember 2024 var lögð fram fyrirspurn Björgvins Halldórssonar byggingafræðings dags. 14. nóvember 2024 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 8 við Urðarhvarf um breytingu á deiliskipulagi. Fjallar fyrirspurnin um breytingu á aðkomu og umferðarskipulagi á bílastæðaplani á lóðinni. Núverandi skipulag er þannig að einn rampur sinnir inn- og útkeyrslu á bílastæðaplanið. Í breytingunni felst að nýrri innkeyrslu er komið fyrir vestan megin á bílastæðaplanið, hluta akstursleiða á bílastæðalaninu er breytt í einstefnu og núverandi inn- og útkeyrslurampur verður aðeins fyrir útkeyrslu.





Á bílplaninu eru 47 stæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að stæðum fækki um tvö og verði 45.

Með breytingunni er innkeyrsla færð þannig að hún verður í beinni línu við akrein í götunni og ekki hliðstætt henni sem myndi gera það að verkum að ökumenn sveigi inn á akrein með umferð á móti. Breytingin er ekki talin auka umferðarhraða á svæðinu þar sem fyrirkomulag innkeyrslunnar, með steypa veggj sitthvoru megin hennar mun hafa letjandi áhrif á ökumenn og virka sem þrengsli sem hægi á umferðinni. Fyrirspurnin var borin undir deildarstjóra gatnadeildar sem kom að mótun breytingatillögunnar og lítur jákvætt á erindið.

Litið er jákvætt á að innsend fyrirspurn verði unnin áfram.

F.h. skipulagsfulltrúa

Freyr Snorrason
verkefnastjóri